



# CQ TF



## 2. tölublað 15. árgangur maí 1997

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1997-1998 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varaformaður:

Sveinbjörn Jónsson TF3VET

Ritari:

Ársæll Óskarsson TF3AOT

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Ásbjörn Harðarson TF3LA

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK



Ungir menn á uppleið.  
TF3RJT og TF3GW við loftnetauppsætningar  
við Þróttheima. Myndina tók TF3AOT

### Meðal efnis í þessu blaði:

Fundargerð aðalfundar 1997 .....	2
Reikningar ÍRA fyrir árið 1996 .....	5
Alþjóða fjarskiptadagurinn 17 maí .....	6
VHF og UHF Bandplan .....	8
Tíðnir amatörstöðva útgeislun og afl .....	10
Félagatal Radíóskáta .....	11
Félagatal ÍRA .....	12
Lög ÍRA .....	15
2 metra loftnet á Þróttheima .....	18
Fundargerð stjórnarfundar 7. maí 1997 .....	19
Sumarætlun ÍRA .....	19

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Þróttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

# Fundargerð aðalfundar ÍRA

Sem haldin var laugardagin 15.3.1997 í Próttheimum

Skrifuð af TF3VST Vilhjálmi Sigurjónssyni

Formaður félagsins TF3HP, Haraldur Þórðarson, bauð menn velkomna og setti fundinn kl. 14:15.

18 félagsmenn voru mættir. (Mættir voru: TF3AOT, TF3DC, TF3FK, TF3GB, TF3GC, TF3GW, TF8GXT, TF3HKT, TF3HP, TF3KB, TF3KET, TF3LA, TF3RBT, TF3RJT, TF3TXT, TF3VET, TF3VST, TF3WOT.)

Fundarstjóri var kosinn TF3KB, Kristján Benediktsson, og fundarritari TF3VST, Vilhjálmur Sigurjónsson.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarinnar og eftir að viðstaddir höfðu kynnt sig var gengið til dagskrár.

Auglýst var eftir umboðum fyrir fjarstaddra félaga og komu engin fram.

Ritari, TF3AOT, Ársæll Óskarsson, las fundargerð síðasta aðalfundar og voru engar athugasemdir gerðar við hana.

Næst flutti formaður, TF3HP, skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins

Fyrst rakti hann verkaskiptingu stjórnarmanna, en á síðasta aðalfundi voru þessir kosnir í stjórn Í.R.A.: Formaður Sveinn Guðmundsson TF3T; til tveggja ára: Ársæll Óskarsson TF3AOT og Haraldur Þórðarson TF3HP; varamenn Sveinbjörn Jónsson TF3VET og Halldór Christensen TF3GC. Fyrir í stjórn voru Guðjón Egilsson TF3WOT og Benedikt Sveinsson TF3BNT. Skipti stjórn með sér verkum sem hér segir:

Varaformaður: TF3HP; gjaldkeri: TF3WOT; ritari: TF3BNT; spjaldskrárritari: TF3AOT.

Í kjölfar deilna í félaginu um starfsleyfi TF3D sagði Sveinn, TF3T, af sér stjórnarstörfum og Benedikt, TF3BNT, hætti afskiptum af stjórn. Ákvörðun Sveins varð ekki haggð og tók því varaformaður, TF3HP, við formennsku. Varamenn voru kallaðir til og var störfum skipt þannig að Sveinbjörn, TF3VET, tók að sér varaformennsku, en Ársæll, TF3AOT, störf ritara, auk spjaldskrár.

Næst greindi hann frá framkvæmdum við

endurvarpa. Þrjú sett af endurvarpasíum voru keypt og staðsetningu tækja var breytt þannig að endurvarpi sem var í Kópavogi var fluttur austur að Búrfelli og kallast nú Búri, en annar var settur í hans stað í Kópavogi og nefnist áfram Páll. Þá hefur nýr endurvarpi sem Almannavarnir gáfu félaginu verið í prófun og verður væntanlega settur á Vaðlaheiði. Einn endurvarpi til viðbótar er til og

verður hann notaður í skyndiuppsetningar, s.s. á Field day. Þakkaði formaður Radíóskátum aðstoð við uppsetninguna á Páli og ennfremur starfsmönnum Landsvirkjunar, og þá sérstaklega TF3GG, liðveislu við Búra.

Þá sagði formaður frá nýjum leyfishöfum. Námskeið til A/T prófs var haldið og bættust þá 7 amatörar í hópinn auk

tveggja sem höfðu lokið prófi fyrir á árinu. Tveir luku morse prófi og hafa fengið A leyfi. Sagði formaður sérstakt fagnaðarefni að nú væru konur í hópnum og virtist áhugi kvenna á amatörradíói vera að glæðast. Þakkaði hann svo þeim Hauki Konráðssyni TF3HKT, Lárusi F. Guðmundssyni TF3LFT, Kristni Andersen TF3KX og Þóri Þórisyni TF3GW fyrir umsjón og kennslu á námskeiðinu.

Næst sagði formaður frá félagsaðstöðu Í.R.A. Próttheimar hafa verið seldir og virðist svo að félagið þurfi enn að leita að félagsheimili. Mæting á opið hús hefði mátt vera meiri. Búið er að setja upp öflugt loftnet Olgu1 og er það umhverfis íþróttavöllinn við húsið. Félagið hefur síðan tekið þátt í keppni tvisvar sinnum, CQWW og 160M CW og var árangur viðunandi. TF3GB, TF3EJ og TF3DC báru hitann og þungann af þeim.

Að lokum fjallaði formaður um leyfismál og úthlutanir tíðna til amatörnota. Á síðasta ári var haldin ráðstefna IARU í Ísrael. Því miður átti Í.R.A. ekki fulltrúa þar, en stjórnin hefur farið þess á leit við Kristján Benediktsson, TF3KB, um að taka upp



þráðinn að nýju og sinna tengslum og flytja okkur fréttir af þeim málum sem þar er fengist við. Sagði formaður þó ekki allt vont í þessum málum því amatörar hérlendis fengu takmarkaðan aðgang að 6 metra bandinu og taldi hann mikla viðbót fyrir T-leyfishafa að fá þarna möguleika á DX samböndum. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar.

Þá greindu embættismenn félagsins frá sínum störfum, sem hér segir:

Ritari TF3AOT, Ársæll Óskarsson, kvað nokkur brögð að því að félagar tilkynntu ekki búsetuskipti og væru af þeim sökum nokkur vanskil á pósti. Brýndi hann til úrbóta.

QSL umsjónarmaður TF3GB, Bjarni Sverrisson, greindi frá umfangi QSLpósts og sagði m.a. fara í vöxt að QSL kort væru send beint til móttakenda. TF3VET, Sveinbjörn Jónsson, sagði frá heimasíðu félagsins á interneti og er ný og endurnýjuð síða tilbúin. Verður hún birt nú að loknum aðalfundi þegar stjórn hefur skipt með sér verkum.

Næst lagði gjaldkeri, TF3WOT, Guðjón H. Egilsson, fram reikninga félagsins.

Endurskoðendur rituðu við þá athugasemdir sem hér segir:

“Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur hjá ÍRA höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 1996 og sannreynt að eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru til staðar.

Þar sem frágangi bókhalds var ekki formlega lokið er við vorum kallaðir til í hádeginu í gær gátum við þó ekki áritað ársreikninginn í færslubók hjá gjaldkera svo sem venja hefur verið. Viljum við beina því til stjórnar félagsins að hún sjái til þess að bókhald félagsins sé fært jafnóðum og liggi fyrir með eðlilegum fyrirvara til endurskoðunar í framtíðinni.“

Í framhaldi af því settu endurskoðendur fram ábendingar um fjár- og eignareidir sem hér segir: Sjóður að upphæð 16.000 var ekki handbær og staða hans því óreynd, auk þess sem nokkuð er af allgömlum óinnleystum ávísunum í vörslu gjaldkera. Kappkosta þarf að ávaxta fé félagsins eins og best verður á hverjum tíma.

Búa þarf til eignaskrá félagsins, er greini hverjar einstakar eignir eru og hvar þær eru varðveittar og meta til raunvirðis í bókhaldi.

Uppfæra þarf félagatal með reglubundnum hætti og tilkynna breytingar þeim viðskiptabanka sem sér um innheimtu félagsgjalda.

TF3DC, Óskar Sverrisson mælti fyrir hönd endurskoðenda.

Fundarstjóri óskaði eftir umræðum og athugasemdum um reikninga.

TF3DC, Óskar Sverrisson spurðist fyrir um heimildir félagsstjórnar til kaupa á síum fyrir endurvarpa og benti formaður á samþykktir tveggja funda er mæltu fyrir um þær ráðstafanir.

Reikningar voru þá bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar höfðu borist og kynnti fundarstjóri þær.

Breytingartillaga við 3. grein:

E liður breytist þannig: e) Efla amatörradíó sem leið til sjálfspjálfunar á tæknisviðinu.

Til viðbótar komi:

i) Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

Var þessi breyting samþykkt samhljóða.

9. grein, um félagsgjöld

Tillaga var um að bætt yrði í greinina ... og skal gjaldið hækka um 20% sé eigi greitt fyrir 1. september.

TF3GC, Halldór Christensen, lagði til að þar að auki yrði bætt við að félagar 67 ára og eldri greiddu 1/2 gjald.

Fundarstjóri bar þá undir atkvæði dagskrártillögu um að fundurinn leyfði breytingar á fram kominni lagabreytingatillögu og var það einróma samþykkt. TF3KET, Konráð Þórisson, lagði þá til að ákvæði um afslátt af árgjaldi maka yrði einnig sett í lög.

Þá var borið undir atkvæði að 9. grein hljóðaði svo: Félagsgjöld miðast við almanaksárið. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldalagi er 1. mars ár hvert og eindagi 1. júlí. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðlafundi viðkomandi árs og skal gjaldið hækka um 20% sé eigi greitt fyrir 1. september. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörum. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins, en komi hann aftur skal hann greiða eitt aukaárgjald. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga var um að 10 grein félli niður og færist númer greina eftir það um eitt sæti.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga var um að 5. grein breytist í framhaldi af brottfalli 10 greinar og orðin ... og inntökugjald

falli niður.

Samþykkt einróma.

Þá var fundi frestað og haft kaffihlé.

Að loknu fundarhléi var gengið til stjórnarkjörs.

Fyrst var lýst eftir tillögum um formann, stungið var upp á núverandi formanni TF3HP, Haraldi Þórðarsyni. Aðrar tillögur bárust ekki og var hann því sjálfkjörinn.

Úr stjórn áttu að ganga eftir tveggja ára setu TF3WOT, Guðjón Egilsson og TF3BNT, Benedikt Sveinsson.

Stungið var upp á TF3WOT, Guðjóni Egilssyni og TF3VET, Sveinbirni Jónssyni og voru þeir sjálfkjörnir til tveggja ára.

Næst var lýst eftir tillögu að stjórnarmanni til eins árs, vegna þess að TF3HP var kjörinn meðstjórnandi til tveggja ára á síðasta aðalfundi, en nú sem formaður. Stungið var upp á TF3GB, Bjarna Sverrissyni og var hann sjálfkjörinn.

Þá var óskað eftir tillögum um varamenn í stjórn og voru TF3LA, Ásbjörn Harðarson og TF3FK, Friðrik Kristjánsson sjálfkjörnir.

Næst voru kjörnir endurskoðendur, stungið var upp á TF3DC, Óskari Sverrissyni, TF3FB, Gunnari Óskarssyni og TF3GW, Þóri Þórisyni til vara. Voru þeir sjálfkjörnir.

Nú var árgjald ákveðið. Gjaldkeri lagði til óbreytt árgjald, kr. 3000 og var það samþykkt samhljóða. Önnur mál.

TF3KET, Konráð Þórisson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd Radíóskáta samstarf við ÍRA. Þá greindi hann frá skátamóti sem halda á í Viðey í sumar og vænti hann samvinnu um rekstur stöðvar með sérstöku kallmerki þar.

TF3TXT, Heimir S. Jónsson, spurði um hvað gert hafi verið af tilefni 50 ára afmælis félagsins á árinu. Formaður sagði það hafa verið fátt m.a. vegna erfiðleika í stjórn félagsins. Til stóð að gefa út veglegt blað af tilefninu og gæti enn orðið af því. Þá var stofnaður sérstakur Award vegna afmælisins. TF3DC, Óskar Sverrissson, spurdist fyrir um útgáfumál og einnig reglur félagsins um kjör heiðursfélaga. Formaður greindi frá vilja TF5BW, Brynjólfs Jónssonar á Akureyri til að aðstoða við hverskyns útgáfu. Hann vísaði síðan í reglur félagsins um kjör heiðursfélaga og rakti tildrög að tilnefningu síðasta heiðursfélaga.

TF3GC, Halldór Christensen, lagði til að gerður yrði borðfáni vegna 50 ára afmælisins. Einnig spurði hann um barmmerki. Formaður svaraði og tók vel í fram-

kvæmdir þar að lútandi.

TF3KET, Konráð Þórisson, spurði um útgáfu félagsskírteina og var ákvörðunum um slíkt vísað til stjórnar.

TF3KB, Kristján Benediktsson, greindi frá IARU ráðstefnu í Ísrael á síðasta ári, en þar var enginn fulltrúi ÍRA. Ráðstefnan sem um ræðir var svæðisráðstefna 1. svæðis, sem haldin er 3. hvert ár. TF3KB hefur kynnt sér gögn ráðstefnunnar og sagði hann frá helstu þáttum þeirra.

Formaður þakkaði TF3KB greinargerðina og sagði þær umræður hafa verið í stjórn ÍRA að halda næstu formannaráðstefnu NRAU, sem verður eftir 3 ár, á Íslandi. Lagt var til að stjórn kannaði möguleika á slíku og greindi næsta aðalfundi frá því. Það var samþykkt samhljóða.

TF3TXT, Heimir S. Jónsson, ræddi um CEPT skírteini, upplýst var að Fjarskiptaeftirlit er með útgáfu nýrra amatörskírteina sem uppfylla skilyrði og reglur CEPT á þjónum.

TF3KB, Kristján Benediktsson, minnti á alþjóða-fjarskiptadaginn, sem er 17. maí ár hvert, og væri sá næsti tileinkaður þjónustu við almenning við náttúruhamfarir og stórslys

Fundurinn vísaði því til stjórnar að halda þessum degi fram. Í framhaldi af því samþykkti fundurinn að stjórn beitti sér fyrir því að amatörradíó yrði kynnt að staðaldri sumardaginn fyrsta eða 17. júní, í tengslum við hátíðardagskrá þeirra daga, eins og verið hefur á árum áður.

Fleiri mál bárust ekki, þakkaði formaður mönnum góða fundarsetu og var fundi slitið kl. 17:40

TF3VST, Vilhjálmur Sigurjónsson (sign)

## ATH.

þar sem þetta er fundargerð síðasta aðalfundar sem verður ekki borin upp til samþykktar fyrr en á næsta aðalfundi þá getur hún átt eftir að breytast komi einhverjar athugasemdir fram.

# Reikningar ÍRA fyrir árin 94, 95, og 1996

Íslenskir radióamatörar .....	Árið 1994	Árið 1995	Árið 1996
Tekjur .....			
Greidd árgjöld .....	239.000	253.711	216.000
Vaxtatekjur .....	14.536	924	20.248
Aðrar tekjur .....	8.882	0	40.000
Framlög .....	24.500	0	0
<b>Tekjur alls .....</b>	<b>286.918</b>	<b>254.635</b>	<b>276.248</b>
Gjöld .....			
Húsaleiga .....	82.052	0	0
Rafmagnskostnaður .....	17.214	0	0
Fundakostnaður .....	15.500	12.100	0
Ritföng, Pappír, Póstkostnaður .....	40.620	4.750	57.118
Prentun, Ljósritun .....	31.308	0	0
Bankakostnaður .....	1.032	391	429
Önnur gjöld .....	790	25.254	34.030
Afskrift .....		100.000	150.000
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>188.516</b>	<b>142.495</b>	<b>241.637</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>98.402</b>	<b>112.140</b>	<b>34.611</b>
Efnahagsreikningur pr.31. desember 1994,95,96 .....			
Sjóður .....	16.088	16.088	16.088
Annað .....	7.294	27.857	27.857
Millifærslureikningur #007783 .....	0	170.103	70.023
Ávísanareikningur #13995 .....	117.451	108.779	73.609
Ávísanareikningur #1013 .....	10.919	10.946	10.983
Ávísanareikningur #1810 .....	46	0	0
Tæki áhöld og húsbúnaður .....	179.536	86.936	241.121
Íslandsbréf .....	257.280	277.280	296.800
Kort .....	455	0	0
Inneign hjá viðskiptavinum (félögum) .....	18.857	0	21.633
<b>Eignir alls .....</b>	<b>607.926</b>	<b>697.989</b>	<b>758.144</b>
Skuldir .....			
Skuldir við viðskiptamenn .....	22.077	0	25.544
Skuldir alls .....	22.077		25.544
Eigið fé 1. janúar 1994,95,96 .....	484.447	585.849	697.989
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	<b>98.402</b>	<b>112.140</b>	<b>34.611</b>
Eigið fé 31. desember 1994,95,96 .....	<b>585.849</b>	<b>697.989</b>	<b>732.600</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls .....</b>	<b>607.926</b>	<b>697.989</b>	<b>758.144</b>



# Alþjóða fjarskiptadagurinn 17. maí

## Radíóamatörar og neyðarfjarskipti

Þann 17. Maí ár hvert er haldinn hátíðlegur Alþjóða-fjarskiptadagurinn, en þennan dag fyrir 132 árum, var stofnað Alþjóða Fjarskiptasambandið (International Telecommunication Union). Þema þessa árs er: Neyðarfjarskipti. Lögð er áhersla á hve mikilvægur hlekkur í öllu hjálparstarfi, sé að fjarskipti séu í lagi.

Félag íslenskra radíóamatöra, skammstafað Í.R.A. var stofnað 14. ágúst 1946 og varð því 50 ára á s.l.ári.

Frá upphafi hefur það verið tilgangur félagsins að stuðla að þjálfun og þroska ungs fólks og annarra sem hafa áhuga á radíótækni til þess að ná tökum á fjarskiptum. Fyrr á tímum, og alls ekki svo langt síðan þurfti fólk að reiða sig á talstöðvar. Hver man t.d ekki eftir því þegar CB stöð, stundum kölluð FR stöð, var í öðrum hverjum bíl og merki í glugga þar sem á stóð “stöð til öryggis” eða fólk á afskekktum stöðum þurfti á hjálp Gufunes radíó að halda, ef einhvers þurfti við, læknishjálp eða bara að panta í kaupfélaginu. En með tilkomu farsíma hafa þessar stöðvar verið lagðar á hilluna. Þó ekki allar því enn má heyra samtöl manna á svokallaðri almenningstíðni, þ.e.a.s. CB tíðni. Margir hafa einmitt byrjað sinn fjarskiptaferil á CB tíðni og viljað síðan auka við þekkingu sína og getu á þessu sviði, og gerst radíóamatörar.

Til þess að öðlast leyfi radíóamatöra þurfa menn að gangast undir próf sem Fjarskiptaefirlit ríkisins stendur fyrir. Prófað er í þekkingu í rafmagnsfræðum á sendi og móttökutækjum, svo og reglum um starfsemi radíóamatöra, bæði innlendum og alþjóðlegum.

Leyfi radíóamatöra flokkast í fjóra flokka og er í þeim gerð mismunandi áhersla á kunnáttu.

Fyrst skal talið, **Nýliðaleyfi**. Það er fyrir þá sem hafa lágmarkskunnáttu í rafmagnsfræðum. Þá er gerð krafa um kunnáttu í móttöku á morse á 35 stafa hraða á mínútu. Leyfi þetta hentar vel fyrir unglunga þar sem kostnaður við tækjabúnað er ekki mikill, og algengt er að menn smíði sín tæki sjálfir. Þá er svokallað, **Tæknileyfi**. Leyfi það er miðað við heldur meiri kunnáttu í radíófræðum, en engrar kunnáttu í morse er krafist. Leyfið er bundið við tíðnir fyrir ofan 144 Mhz.

Til A og B leyfis er krafist sömu kunnáttu og til

Tæknileyfis, en þá er einnig krafist móttöku á morse á 65 stafa hraða á mínútu.

C leyfi öðlast þeir sem hafa bætt við kunnáttu sína í rafmagnsfræðum og náð 80 stafa hraða á mínútu í morse.

Í.R.A. hyggst gangast fyrir, ef næg þátttaka fæst, námskeiðum á komandi hausti. Vonandi verður þá til kennsluefni á íslensku, en undirbúningur að því stendur til.

Hér á landi hefur hópur radíóamatöra starfað sem sjálfbóðaliðar í stjórnstöð Almannavarna ríkisins. Samstarf þetta hófst eftir gos í Vestmannaeyjum 1973 og í fyrstu tóku þeir þátt í uppbyggingu fjarskipta og viðbúnaðarkerfis Almannavarna um allt land, t.d. þegar sett var upp viðvörunarkerfi í Mýrdalnum og allt austur að Kirkjubæjarklaustri sáu þeir um að setja upp búnaðinn á sveitabæina í Landbroti og Meðallandi auk þess að setja upp endurvarpa á Háfell við Vík í Mýrdal.

Ennfremur þurfti að setja upp metrastöð hjá Einari heitnum á Skammadalshóli en hann var mikill áhugamaður um Kötlu og Kötlugos. Þar sáu menn vandkvæði á því að koma merki frá Skammadalshóli yfir í Vík en eftir nokkrar tilraunir tókst að finna stað á hlöðugafla fyrir loftnetið þar sem merkið heyrðist í Vík.

Talstöðvar á VHF tíðnum ( metrabylgjum ) duga ekki nema í sjónlínu eða það héldu menn a.m.k. hér áður fyrir. Þess vegna voru settir upp endurvarpar á hina ýmsu fjallatoppa til þess að koma radíómerkjum til skila yfir langar vegalengdir.

Nú í sumar eru 20 ár síðan radíóamatörar settu upp fyrsta endurvarpann á VHF tíðni hér á landi og satt best að segja voru ekki margir trúaðir á að þetta gæti blessast en framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins þá, Guðjón Petersen, sá að þarna var framtíðin enda óskaði hann eftir og fékk afnotaleyfi af þessum endurvarpa sem er kallaður “Pétur” sem er stytting á enska orðinu “repeater” (endurvarpi) Þessi einfaldi búnaður opnaði fyrir örugg fjarskipti frá Reykjavík um allt Suðurland, Reykjanes, Snæfellsnes og talsvert inn á miðhálandið og vitað er að frá Blönduósi er hægt að ná sambandi til Reykjavíkur á metrabylgju í gegnum þennan endurvarpa sem enn er starfræktur. Síðan hafa Almannavarnir komið sér upp þéttu neti endur-

varpa til nota í neyðarfjarskiptum. Ekki að eins hafa Almannavarnir ríkisins og amatörar nýtt sér endurvarpa, heldur hafa björgunarsveitir hér á landi komið sér upp góðu neti af endurvörpum til sinna nota. Hjá björgunarsveitum landsins hefur safnast mikill fróðleikur um fjarskiptaleiðir sem ættu að koma til góðs ef vá ber að dyrum. En ekkert kerfi er svo gott að ekki geti bilað og það sýndi sig þegar slysið í Súðavík varð, en þar brugðust boðkerfin að mestu eða að öllu leiti. Með réttum búnaði geymdum á réttum stað (t.d. Ísafirði), og þjálfuðum fjarskiptamönnum hefði mátt koma á sambandi við Súðavík mun fyrr en raun varð á. En þessi búnaður kostar því miður talsverða peninga, því gengur uppbyggingin hægt fyrir sig.

Heyrst hafa þær raddir að þessi viðbúnaðarstefna með talstöðvar og slíkan búnað hafi runnið sitt skeið á enda, því með farsímakerfum nútímans séu slík tæki og tól óþörf. En því miður höfum við nýlegt dæmi um að ljósleiðarakerfi símans bilaði, þ.e. í hlaupinu á Skeiðarársandi s.l. haust, en þá fór ljósleiðarinn í sundur. En vegna þess að kerfin eru fleiri en eitt kom það ekki að sök í þetta skiptið, en er hugsanlegt að öll kerfin bili á stórum svæðum, t.d. við Suðurlandsskjálfta? Hvað gerum við þá?

Ennfremur er það staðreynd að á neyðarstundu er betra að fleiri en einn eða tveir aðilar heyri í björgunarmönnum að störfum. Skilaboð skolast gjarnan til í flutningi á milli manna en minni hætta er á ruglingi ef fleiri heyra eða það sem verst er af öllu, að skilaboð berist ekki á réttan stað en slíkt getur skipt sköpum fyrir hina nauðstöddu.

Erlendis eru samtök radíóamatöra mjög virk í neyðarfjarskiptum og má t.d. benda á að s.l. haust þegar flugvél TWA félagsins fórst í nágrenni New York voru allmargir amatörar á svæðinu kallaðir til starfa og voru þeir með sinn búnað að störfum í 10 daga, allt unnið í sjálfboðavinnu. Nýjasta dæmið höfum við frá Manitoba en þar höfðu flóð eyðilagt símalínur og skemmt fjarskiptatæki. Í Bandaríkjunum er hvert ríki ábyrgt fyrir sínum "Almannavörnum" og þeir sem fá útgefið leyfi radíóamatöra fara sjálfkrafa á skrá hjá yfirvöldum sem hjálparliðar í fjarskiptum vegna neyðar sem upp kemur. Íslenskir amatörar sem hafa fengið leyfi í USA hafa farið á þennan útkallslista Radíóamatörar hafa bundist samtökum sem starfa eftir mjög ströngum reglum og er verkaskipting mjög ákveðin

Í flestum löndum heims er radíóamatörum frjálst að stunda sitt tómstundagaman, undantekningar eru

þó í hinum hörðustu einræðisríkjum.

Það eru óskráð lög að tala ekki um stjórnmal, trúarbrögð eða nokkur önnur viðkvæm málefni "í loftinu". Þá er óheimilt að nota fjarskiptatíðnir til umræðu um málaflokka sem fram eiga að fara á símkerfum

Þess skal einnig getið hér að innan skátahreyingarinnar hér á landi er starfandi fjarskiptasveit. Meðlimir þeirrar sveitar störfuðu í 25 ár fyrir L.H.S. og síðan eftir það í nokkur ár fyrir Landsbjörg, landsamband björgunarsveita. Í dag hefur þessi sveit aðsetur í Skátahúsinu við Snorrabraut í Reykjavík, en þar er einnig til húsa Skátafélagið Radíóskátar. Eðlilega starfa þeir mest í þágu skátafélaganna og er mikill áhugi á að efla starfsemi. S.l. sumar sáu þeir um rekstur fjarskiptakerfis á landsmóti skáta á Úlfljótsvatni og láta þeir víða taka til sín og eru þegar farnir að undirbúa sig undir skátamót í Viðey nú í sumar. Í seinni tíð hafa flestir meðlimir Radíóskáta fengið leyfi sem radíóamatörar og eru einnig félagar í Í.R.A.

Í skipulagi Almannavarna Ríkisins er gert ráð fyrir að stofnunin tryggi fjarskipti á milli skaðasvæðis og stjórnstöðva, hvort heldur er við hinar ýmsu Almannavarnanefndir heima í héraði eða við stjórnstöð Almannavarna í Reykjavík.

Það er því von okkar radíóamatöra að slík sveit verði stofnuð og að við getum lagt okkur fram og gert meira gagn en við höfum gert nú þegar

Þeir sem hafa aðgang að Internetinu og vilja fá upplýsingar um þessi málefni á alþjóðavísu, skal bent á eftirfarandi heimasíðu <http://www.itu.int/wtd>

Eins og lesendum er kunnugt fer fram hér á landi í júlí stór æfing sem kallast Samvörður 97. Mikill undirbúningur hefur átt sér stað hjá Almannavörnum ríkisins meðal annars í fjarskiptamálum. Að samræma fjarskiptamál hinna erlendu gesta og íslenskra björgunarsveita er mikið starf en fjarskiptanefndin er skipuð radíóamatörum eða félögum í Í.R.A. að öllu leiti.

Að lokum. Íslenskir Radíó Amatörar hafa opið hús alla fimmtudaga í Þróttheimum, félagsmiðstöð ÍTR, en við höfum átt því láni að fagna að fá inni hjá þeim. Opið er frá kl 20.00 til 23.00. Þar er opin fjarskiptastöð og gefst öllum sem vilja, tækifæri til að kynna sér starfsemi félagsins og tækjakost, hvort sem er með "venjulegum talstöðvum" eða því nýjasta sem er flutningur á stafrænum skilaboðum með tölvum.

# VHF og UHF Bandplan

## 50Mhz.

Tíðni	Mótun	Tíðni	Notkun
50,000-50,020	CW	50,090	Kall tíðni.
50,020-50,080	Beaconar CW		
50,080-50,100	CW		
50,100-50,500	SSB og CW	50,100-50,130	DX Gluggi.
		50,110	Alþjóðleg Kall.*
		50,185	Cross-Band.
		50,200	SSB Kall.*
		50,300	CW MS Kall.**
		50,350	SSB MS Kall.**
50,500-50,900	All Mode	50,510	SSTV
		50,550	FAX
		50,600	RTTY (AFSK)
		50,650-50,750	Packet (AFSK)
<b>50,900-52,300</b>	<b>Bannsvæði (Ekki má senda hér á Íslandi)</b>		<b>F.E.R 1/7 96.</b>
52,300-54,000	All Mode		

\*= Eingöngu kall ekki QSO. QSY þegar sambandi er náð.

\*\* = MS = Meteor Scatter.

## 2 M.

Tíðni	Mótun	Tíðni	Notkun
144,000-144,150	CW	144,000-144,035	Moonbounce.
		144,050	CW Kall.
		144,100	CW MS.
144,150-144,500	CW og SSB	144,300	SSB Kall.
		144,400	SSB MS.
144,500-144,845	All Mode	144,500	Kall SSTV.
		144,600	RTTY / FSK.
		144,625-144,675	Packet.
		144,700	FAX.
		144,750	FSTV.
144,845-145,000	Beaconar.		
145,000-145,175	FM Endurvarp.	145,000	EV0 RX.
		145,025	EV1 RX.
		145,050	EV2 RX.
		145,075	EV3 RX.
		145,100	EV4 RX.
		145,125	EV5 RX.
		145,150	EV6 RX.
		145,175	EV7 RX.
145,200-145,600	FM Simplex.	145,200	MÍR TX.
		145,500	FM Kall.
		145,550	Geim rás.*
145,600-145,775	FM Endurvarp.	145,600	EV0 TX.
		145,625	EV1 TX.
		145,650	EV2 TX.



Tíðni	Mótun	Tíðni	Notkun
145,600-145,775	FM Endurvarp	145,675	EV3 TX.
		145,700	EV4 TX.
		145,725	EV5 TX.
		145,750	EV6 TX.
		145,775	EV7 TX
145,800-145,999	Gervitungl.	145,800	MÍR RX

\*= Notað af NASA og Simplex FRQ fyrir MÍR.

## 70 cm.

Tíðni	Mótun	Tíðni	Notkun
430,000-432,000	All Mode	430,400-430,800	Packet.
		430,825-430,975	QRP EV.*
432,000-432,150	CW	432,000-432,025	Moonbounce.
432,150-432,500	CW og SSB		
432,500-432,800	All Mode.	432,500	SSTV
		432,600	RTTY (AFSK)
		432,625-432,675	PACKET.
		432,700	FAX
432,800-432,990	CW Beaconar.		
433,000-433,375	Endurvarpar. RX	433,000	EV0.
		433,025	EV1.
		433,050	EV2.
		.....	.....
		433,375	EV15.
433,400-433,775	FM 25Khz Ch	433,500	FM Kall.
		433,600	RTTY (AFSK)
		433,625-433,675	Packet.
		433,700-433,775	Sérrásir.**
434,600-434,975	Endurvarp TX	434,600	EV0.
		434,625	EV1.
		434,650	EV2.
		.....	.....
		434,975	EV15.
434,000-434,500	FSTV.***		
435,000-438,000	Gervitungl		
438,000-439,800	Fast Scan TV	438,500-440,000	FSTV.***
		438,025-438,185	Packet****
		438,425-438,575	QRP EV *
439,800-440,000	Packet.		

\*QRP FM Endurvarpar MAX 5W.

\*\* Rásir aðeins notaðar í samráði við I.A.R.U landsstjórn til sérverkefna eða í neyðar fjarskipti en ekki til almennrar notkunar.(433,700 er EMCH)

\*\*\* Breiðbands Sjónvarpssendingar eru heimilar ef þær trufla ekki aðra notkun á sömu tíðnum. (Ekki primery)

\*\*\*\* I.A.R.U R1 Packet (Ekki primery)

Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptaeftirlitinu eru þetta leyfilegar tíðnir, útgeislun og afl fyrir Íslenska amatöra. Athugið þó tímabundin leyfi á 6 metrum skv. bandplani frá TF3VET hér að framan. TF5BW

Tíðni	Nýliðal	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi	T-leyfi
1820-1830		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
1830-1850			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B,F3E,F3F	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
3500-3600	A1A*	A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
3600-3800			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
7000-7040	A1A	A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
7040-7100			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
10100-10150		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
14000-14100		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
14100-14350			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
18068-18110		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
18110-18168			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
21000-21150	A1A	A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
21150-21450			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
24890-24930		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
24930-24990			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
28000-28200		A1A,F1B	A1A,F1B	A1A,F1B	
28200-29700			A1A,A3E,R3E,H3E,J3E F1B	A1A,A3E,R3E,H3E,J3E C3F,F1B,F3E,F3F	
144-146		A1A,A2A,A3E,R3E,H3E,J3E,C3F,F1B,F3E,F3F			A3E
430-440					R3E
1240-1300					H3E
2300-2450					J3E
					C3F
					F3E
					F3F
Leyft hámarks rakstraumsafl til síðasta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	500 wött	50 wött

\*3633 KHz (+/-3KHz) Uppkallsrás fyrir nýliða

### Skýringar:

A1A=Ómótað Morse	F3E=FM. Tíðnimótuð talsending
A2A=Mótað Morse	F3F=Slow scan TV
A3E=Styrkmótuð burðarbylgja með tali. (AM)	H3E=SSB full burðarbylgja fyrir talmótun
C3F=Auka hliðarband t.d.textavarp	J3E=SSB undirþrykkt burðarbylgja
F1B=Tíðnimótuð fjarritasending til sjálfvirkar móttöku	R3E=SSB mótun deyfð burðarbylgja

# Félagatal Radióskáta 1997



## Radíóskátar TF3BIS

Snorrabraut 60 3hæð

105 Reykjavík

Sími 552-6655

Formaður Radióskáta er TF3KET Konráð Þórisson

Nafn	Kallmerki	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	E-Mail
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566-7190	asta@tv.is
Atli B. Bachmann		Kringlunni 61	103 Reykjavík	581-3422	
Árni Árnason		Heiðarholti 22	230 Keflavík	421-2276	
Benedikt Sveinsson	TF3BNT	Hátégvegi 2	105 Reykjavík	551-0907	bz@cc.is Bragi
Reynisson	TF3BRT	Þorfinnsgötu 12	101 Reykjavík	551-1856	bragi@itn.is Einar
Örn Arnarson		Faxastíg 45	900 Vestmannaeyjar		
Eulogia Medico (Yollie)		Þorfinnsgötu 12	101 Reykjavík	551-1856	
Guðjón Helgi Egilsson	TF3WOT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	gudjonhe@treknet.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móaflöt 8	210 Garðabær	565-7354	
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552-0157	hartor@rhi.hi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kamsbsvegi 7	104 Reykjavík	568-5212	haukur@raf.is
Jóhanna Konráðsdóttir	TF3JKT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567-6817	joka@rsp.is
